

Íslensku myndlistur Ólafs r Óla astri 2021

Un
Magi

Heiðursviðurker
The Icelandic 'v




verá

on Visual Art

afn

Icelandic Art P
ezi'r

Tilnefningar Nominations



Formáli Preface
Helgi Þorgils Friðjónsson

Myndlistarmaður ársins
Artist of the year
Haraldur Jónsson
Margrét H. Blöndal
Libia Castro & Ólafur Ólafsson
Selma Hreggviðsdóttir & Sirra Sigrún
Sigurðardóttir

Hvatningarverðlaun ársins
Motivational Award of the Year
Andreas Brunner
Guðlaug Mía Eyþórsdóttir
Una Björg Magnúsdóttir

Myndlistarmaður ársins

Artist of the year

Libia Castro & Ólafur Ólafsson

Hvatningarverðlaun ársins

Motivational Award of the Year

Una Björg Magnúsdóttir

Heiðursviðurkenning myndlistarráðs

The Icelandic Visual Arts Council Honourary Award

Kristín Jónsdóttir frá Munkabverá

Viðurkenning á útgefnu efni um myndlist

Publication Award for Published Material on Visual Art

Ritröð Listasafns Reykjavíkur Reykjavik Art Museum's publication series

Í einni af bókum mínum um Philip Guston, segir af samræðum hans og John Cage, þar sem þeir eru á gangi með Hudson ánni í New York. John segir: Sjáðu mágana, hvað þeir fljúga frjálsir um loftið, lausir við allar veraldar áhyggjur. Philip svarar: Vist er gaman að sjá mágana fljúga um loftin blá, en ekki eru þeir meira frjálsir en það, að þeir eru hungraðir í stöðugri leit að æti.

Myndlistin er sem betur fer margbrotin, og fögur í rannsóknareðli sínu, hvort sem hún flýgur frjáls og er engu háð, eða er í stöðugri leit að æti. Þessar samræður sameina tvö sjónhorn í eitt. Í raun er listin frjáls og svífur um loftið, áreynslulaus við fyrstu sýn, en hún er líka stöðug leit. Hún þarfnað leitarinnar, ástríðunnar og forvitninar, staðfestunnar, rannsóknarinnar og þekkingarinnar. Hún virðist ef til villt áreynslulaus. Ætið í þessari merkingu er sú kvika sem lífið allt nærast á. Myndlistin getur kveikt skilning á einhverju sem býr innra með manni, sem hann skynjar og sér, sem jafnframt getur verið erfitt að koma orðum að, en er hægt að nálgast með því að hafa opinn víðan sjóndeildarhring. Þar opnast ný og önnur víðátta.

Manndómsþroski, segir Nietzsche, það er að finna aftur alvöruna sem maður bjó yfir sem barn að leik. Hér er rétt að geta þess að hefðin og reglan er sú að yfirlitssýningar og samsýningar koma ekki til greina þegar kemur að vali á myndlistarmanni ársins. Þær hafa verið nokkrar og mjög áhrifamiklar þetta ár 2020, sem er hér til umræðu, og vel að hverslags viðurkenningu komnar.

In one of my books on Philip Guston there is a story of his conversation with John Cage during their walk along the Hudson River in New York. John says: look at the seagulls, how freely they fly up in the sky, unfettered by worldly worries. Philip answers: of course it's nice to see the seagulls fly up in the blue sky, but they're no freer than we are because they're always hungry and looking for food.

In its exploratory nature, visual art is thankfully both complex and beautiful, whether it is flying freely, dependent on no one, or in a constant search for food. This conversation pulls two different perspectives into one. In reality, art is free, and it floats in the air, effortlessly at first glance, but it is also a constant exploration. It needs that exploration, the passion and the curiosity, the consistency, the investigation, the knowledge.

It may seem effortless. Within that idea there is always present the source that nourishes all life. Visual art can inspire an understanding of the substance that lives within oneself, something one senses and sees, something that can be difficult to articulate in words, but which can be approached by keeping a wide-open mind-set. That is where a new and different horizon opens up. Man's maturity, says Nietzsche, is to have regained the seriousness that he had as a child at play.

Here it is proper to note that the tradition, and rule, is that retrospective and group exhibitions are not considered in the selection of the Artist of the Year. 2020 has seen several extremely powerful such exhibitions, all of which merit numerous forms of recognition.

Dómnefndarstörf sem þessi eru erfið. Það er margt áhugaverðra sýninga í boði, og míni einlæg skoðun er sú, að ekki er hægt að vera bestur í listum. Ég tel að dómnefndin sé vel skipuð og þetta hefur verið ánægjuleg vinna. Það hafa farið fram miklar umræður og margir fundir, og við tilnefnum frábæra myndlistarmenn. Niðurstaðan er svo sameiginleg, með því að vega og meta hin aðskiljanlegustu sjónhorn. Með mér í dórnefnd sátu: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Helga Óskarsdóttir, Valur Brynjar Antonsson og Þorbjörg Jónsdóttir.

Það bárust 171 tilnefningar að þessu sinni, sem skiptast á milli tilnefninga um myndlistarmann ársins, þar sem verðlaunin eru að upphæð 1.000.000,- kr og tilhefninga til hvatningarverðlauna sem eru að upphæð 500.000,- kr.

Verðlaunin og tilnefningar eru ætluð til að vera hvetjandi, bæði fyrir verðlaunahafa og tilnefnenda. Þau eru líka ætluð til þess að setja lit í listaumhverfið, og þau í raun sett fram til að láta alla njóta. Myndlistin hefur margþætt eðli, og er í raun vínsindi til að opna, og er aldrei hægt að loka. Eðli listar er að vera síkvík og leitandi.

Þess skal getið að báðir þessir nefndu listamenn í byrjun erindisins eru frábærir listamenn og falla undir báðar skilgreiningar á eðli flugsins.

The work of a jury like this one is challenging. Many interesting exhibitions are on offer, and it is my sincere opinion that no one can be the best at art. I believe the jury members have all been selected with great care and our collaboration has been pleasant. There has been much discussion and many meetings, and we have nominated wonderful artists. The outcome is the result of that communal effort, of evaluating and balancing different perspectives. My fellow jury members were: Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Helga Óskarsdóttir, Valur Brynjar Antonsson, and Þorbjörg Jónsdóttir.

The jury received 171 nominations. They are, on one hand, nominations for the Artist of the

Year, carrying a prize of 1.000.000 ISK, and on the other hand, nominations for the Motivational Award, with a prize of 500.000 ISK.

The prize and the nominations are meant to motivate, both the recipients and the nominees. They are also meant to provide colour to the environment of the arts, indeed, to allow everyone to enjoy this celebration. The nature of visual art is complex; the arts are a science used open things up, and never to close. The nature of art is to constantly explore and renew.

It should also be said that the artists mentioned above are great artists and both fit the two definitions of the nature of flight.

Tilnefning Nomination


Haraldur Jónsson

∅₆

Berg Contemporary
19.12.20 - 27.02.21

Ljósavél Apertures

Haraldur Jónsson Tongue 2020
Rubber, wood 230 x 158 cm





Ø7

Haraldur Jónsson (f. 1961) setti upp einkasýninguna *Apertures / Ljósavé* í sýningarrými gallerí Berg Contemporary síðla árs 2020. Sýningin stendur ein og sér en kallast á við fyrri sýningar listamannsins. Í verkum sínum vinnur hann með margvíslegar skírskotanir sem við nánari athugun reynast vera leiðir til þess að fjalla um sammannleg viðfangsefni á hliðstæðan hátt.

Á sýningunni *Apertures / Ljósavé* kennir ýmissa grasa og sækir Haraldur í marga miðla svo sem höggmyndalist, tvívíð verk og myndbandalist. Í fremra rými sýningarsalar blasir við svartur fáni í laginu eins og tunga; efniskennd verksins vekja hughrif um holdleika líffærисins sem manneskjan notar til þess tjá hug sinn í orðum. Nær listamaðurinn á áhrifaríkan hátt að leiða áhorfandann að þeim heimspekkilegu hugmyndum sem bregða fyrir í sýningunni. Innar á langvegg rýmisins er myndaröðin Sónar, silkiprentverk, hvar hending ræður för en vekur upp hugrenningartengsl til ómsjármunda af fóstri í móðurkvíði. Hér leikur listamaðurinn sér með andstæður ólíkra skynfæra, hvernig ljós birtist með tæki sem rannsakar hljóð, sem aftur kallast á við titil sýningarinnar. Hver er þessi ljósavé?

Á hnitmiðaðan hátt vakna upp mjög almennar verufræðilegar spurningar, þar sem dregin er upp portrettmynd af manneskunni; ekki eins og hún kemur öðrum fyrir sjónir, heldur á augnablikinu sem hún verður til og fer að hleypa ljósi inn í vitund sína. Hugtök eins og ljós eru afbyggð jafnóðum, því rétt eins og hljóð eru þetta orð sem vísa hvert í annað á meðan verkin vísa aftur í holdið. Til að mynda í verkinu Gátt sem er ferningur í rauðu sem vísar til litarins í blóðvessum listamannsins. Unnið er markvisst að því að spenna bogann yfir andstæður; á milli forms og efnis, tilurð og framsetningu, skynfæra og skilnings. Aðferð Haraldar einkennist af því að fletta ofan af viðfangsefninu, rekja sig aftur til augnabliks uppgötvunarinnar og loks brjóta það upp með nýrri tilvísun. Allir þættir sýningarnar styðja hver við annan ásamt vönduðum, margræðum og frjóum texta er fylgir sýningunni eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttir.

Haraldur Jónsson á að baki langan listferil sem spannar þrjá áratugi og marga miðla en nýverið var haldin yfirgripsmikil yfirlitssýning á Kjarvalsstöðum hvar horft var yfir farin veg. Í sýningunni *Apertures / Ljósavé* birtast ný verk þar sem helstu höfundareinkenni listamannsins kjarnast á óvæntan hátt, í senn sem úrvinnsla ferilsins og uppbrot nýrra hugmynda.

Úr verður sýning sem er sett fram af miklu sjálfs-öryggi. Vitsmunir og skynfæri ljá hlutunum merkingu en ávallt verður eitthvað útundan. Listamaðurinn leitar að manneskjunni og Haraldur Jónsson finnur hana á þessum óræða stað á milli skynfæra og handan þeirra.

Haraldur Jónsson Tongue 2020
Rubber, wood 230 x 168 cm



Haraldur Jónsson (b. 1961) presented his solo exhibition *Apertures* in Berg Contemporary's exhibition space in late 2020. The exhibition stands alone but interacts with the artist's past exhibitions. In his works, he employs a variety of references that, on closer inspection, turn out to be a means by which he engages with universal issues relating to humanity as a whole.

The exhibition *Apertures* is wide-ranging and Haraldur utilizes various mediums such as sculpture, two-dimensional work, and video art. In the foreground of the exhibition space, a black flag appears in the shape of a tongue. The textural sense of the work stirs mental images of the physicality of the organ that a human being uses to express her thoughts in words. The artist succeeds in guiding the viewer to the philosophical themes that appear in the exhibition. Further in, on the widest wall of the space, is *Sónar*, an impulse-dominated work in silkscreen that effectively evokes mental connections to foetal ultrasound images. Here the artist is playing with the contrasts between different sensory organs, how a machine can produce light through detecting sound, which again recalls the title of the exhibition. What are these apertures?

In a systematic way, common existentialistic questions are raised, a portrait is drawn of the human being, not as she appears to others, but at the moment she comes into existence and begins to allow light into her consciousness. In

the process, concepts like light are deconstructed, since just like sound, these are words that refer to one another, while the works refer back to the flesh. This is, for example, the case in the work *Gate*, which is a red-coloured square, a reference to the colour of the artist's blood vessels. We see here a methodical effort to incorporate contrasts: form and material, conception and presentation, sensory experiences and understanding. Haraldur's method is to unpack the subject matter, to feel his way back to the moment of discovery and finally deconstruct it with a new reference. All aspects of the exhibition interact and support one another, and this is also true of a carefully crafted, multi-layered, living text by Oddny Eir Ævarsdóttir.

Haraldur Jónsson's long career spans three decades and many mediums, but recently a substantial retrospective of his art curated at Kjarvalsstaðir gave us an overview of his career. With the exhibition *Apertures*, new work has come into the public eye, where the artist's common themes and characteristics coalesce in an unexpected manner, both as a processing of his career and the unpacking of new ideas.

The result is an exhibition grounded in a great deal of self-confidence. Intelligence, both cognitive and sensory, endows the artworks with meaning, but there is always something unsaid. The artist is looking for the human being and Haraldur Jónsson finds her in this undefined space between organs and beyond.

10

Tilnefning Nomination

Margrét H. Blöndal

i8 Gallerí

03.09.20-10.10.20

Lofteikur Aerotics





11

Magrét H. Blöndal (f.1970) setti upp markverða einkasýningu *Aerotics / Loftleikur* í 18 Gallerí á haustmánuðum. Sýningin er áframhald á vinnu Margrétar í gegnum árin, innsetning með skulptúrum og teikningum þar sem listakonan vinnur með efniviðinn inn í rýmið en samtal verka og rýmis er mikilvægur þáttur í myndlist Margrétar.

Sýningin *Aerotics / Loftleikur* svífur handan orða og hugsana í léttleika er snertir og hrífur skynsviðið. Smá rýmisverkin leika sér frá lofti til gólfss, fylgjast vel með hvort öðru en eru jafnframt sjálfstæð og öllu óháð. Hvert og eitt þeirra er hluti af órjúfanlegri heild þar sem lögun og andrúmsloft rýmisins skiptir sköpum til að leikurinn lífi og gefi. Fínlegar teikningar í römmum eiga í samtali við skulptúranu en nákvæmt efnis- og litaval einkenna þær um leið og smáu abstrakt formin opna fyrir óendenlega víðáttu alheimsins. Rými gallerísins hefur verið umbreytt, stór veggur fyrir miðju þess skapar leikvöll fyrir verkin og gestir sjá aldrei sömu verk þegar farið er um rýmið. Þannig upplifa áhorfendur stöðugt nýtt sjónarhorn og nýja spennu í leiknum, nýjar skynjanir er snerta augu og líkama. Bakatil í sýningarrýminu er sjálfstætt bókverk, *Fingurbjarg*. Verkið er askja með teikningum eða einingum í ýmsum formum og stærðum sem hver og einn getur raðað og sett upp að vild.

Eiginleikar efnisins ráða för í verkunum á sýningunni og skynjun okkar mannvera, næmni fyrir snertingu efnis og rýmis, lita og áferðar. Verkin lifa á skynsviðinu, handan orða, sem þó er hægt setja í orð að hluta til. Sýningunni fylgja opinberunarorð Margrétar um eigin listsköpun er hún vann í sambærðu við Ingólf Arnarsson, myndlistarmann. Textinn er áhuga-verður og vandaður, stendur vel með sýningunni.

Sýningin *Aerotics / Loftleikur* er áhugaverð birtingarmynd listsköpunar Margrétar sem hefur verið að vaxa og dafna í þrjá áratugi í list sinni, ætið í fullu samræmi við það sem á undan er farið. Ósýnilegur litríkur þráður gengur í gegnum öll hennar verk, allar hennar sýningar. Að þessu sinni tókst hún á við nokkuð hefðbundið sýningarrými, hvíta kassann, með áhugaverðum árangri en rýmið er ætið hluti af verkum hennar. Margrét á langan sýningarferil að baki, hérlandis og erlendis, og hefur hlotið styrki og viðurkenningar fyrir störf sín. Gefin hefur verið út bók með teikningum hennar, *Drawings*, og greinar skrifaðar um verk hennar.

Sýningin *Aerotics* / *Loftleikur* kjarnar að mörgu leyti langt ferli Margrétar á sviði myndlistar. Hún hefur á sínum einstaka ferli unnið mikið á innsæinu og nálgun hennar við efni og rými er allt að því líkamleg og persónuleg. Hún opnar á einfaldleikan, flæðið og leikinn, um leið og úrvinnsla hennar kemur fram í hárnákvæmri og agaðri heild.

Haraldur Jónasson Tongue 2020
Rubber, wood 230 x 158 cm



In the autumn, Margrét H. Blöndal (b. 1970) presented an impressive solo exhibition, *Aerotics*, in i8 Gallery. The exhibition is a continuation of Margrét's work through the years, an installation with sculptures and drawings defined by how the artist works with her materials as they relate to the space, but the dialogue between artwork and the space it is in is an important element in Margrét's art.

The exhibition *Aerotics* drifts beyond words and thoughts in a lightness that touches and enraptures our senses. Small spatial works play between the ceiling and the floor, following one another, yet independent and unaffiliated. Each and every one forms part of an indivisible whole where the shape and ambience of the space is crucial in order that the collection's playfulness may live and give. Finely wrought, framed drawings engage in dialogue with sculptures of carefully selected colours and materials, while the miniature, abstract forms open up the infinite expanses of the universe. The gallery's space has been transformed; a large wall at its center creates a playground for the works, leading the exhibition guests through the space in such a way that the same work is never seen twice. Viewers thus constantly experience a new perspective and new tension in the game, new sensory experiences touching the eyes and the body. In the back of the exhibition space is a free-standing bookwork, *Thimble*. The work is a box containing drawings or units of various forms and sizes, which each guest can arrange or organize as they please.

The material qualities of the works are the leading elements of the exhibition, as well as the human beings' sensitivity to the coming together of material and space, colour and texture. These works live on the sensory plane, beyond words – of which only a part can be articulated in words. The exhibition is accompanied by revelatory remarks by Margrét on her artistic practice, which she developed in collaboration with the artist Ingólfur Arnarsson. The text is interesting and carefully crafted and works well with the exhibition.

Aerotics is an interesting expression of Margrét's artistic practice, a practice that has been growing and flourishing for the past three decades, always in logical sequence to previous work. An invisible yet colourful thread can be traced through all her work and exhibitions. This time she engaged with a comparatively traditional exhibition space, the white box, with interesting results, but space always plays a role in her work. Margrét has had a long career, both here at home and abroad, and she has been the recipient of numerous grants and recognitions for her work. A book of her drawings, *Drawings*, has been published, as well as articles on her work.

In many ways, the exhibition *Aerotics* brings together the strands of Margrét's long career in the field of visual art. In her unique career, she has worked extensively with intuition and her approach to material and space is physical and personal. She opens up to simplicity, flow, and play, while her process results in a finely wrought and disciplined whole.

Tilnefning Nomination

14

Selma Hreggviðsdóttir & Sírra Sigrún Sigurðardóttir

Berg Contemporary
24.01.20-21.03.20

Ljósvalki Ether





15


Selma Hreggvíðsdóttir (f. 1983) og Sirra Sigrún Sigurðardóttir (f. 1977) unnu að markverði sýningu *Ljósvaki / Æther* í gallerí Berg Contemporary í Reykjavík snemma árs 2020. Sýningin samanstendur af litlum og stórum ljósmyndum og myndbandsverkum á skjám. Verkin opna fyrir okkur ljóstöfra og furðuveröld bergkristala er finnast í Helgustaðanámu við Eskifjörð.

Í sölunum eru ljósmyndir af kristöllum sem ræktaðir eru af listamönnunum. Einnig er ljósmynd af hráu silfurbergi og slípaðri silfurbergskúlu sem Bjarni Ólafsson frá Brimnesgerði slípaði með það fyrir augum að það yrði sýnt á Heimssýningunni í Chicago árið 1892. Að slípa silfurberg með þessum hætti er að gera það ómögulega mögulegt sökum kristalabyggingar silfurbergs. Ofurslípaða molann er að finna í stöpli undir gleri í innri sal rýmisins, en þar eru einnig smásjármyn dir á vegg er sýna litadýrð ljósbrots í silfurbergi og myndbandsverk á tveim skjám er liggja skáhallandi á gólfí og gera sýninguna að heilstæðri innsetningu. Annað verkið sýnir bergkristal sem svífur í lausu lofti í rýminu sem staðið er í og fer áhorfandinn í kringum hann. Á hinum skjánum er ferðast um rýmið en nú er umhverfið myndað í gegnum kristalinn og hefur yfir sér draumkenndan blæ. Það sem er ólíkt hinu raunverulega rými er að út um gluggann í myndbandinu sjást fjöll, áhorfandinn sér austfirskt landslag í stað borgarumhverfis. Í fremri salnum er ólíkt skjáverk við gólf er varpar augnabliki birtuspils í kristalhvelfingu Aðalbygginar Háskóla Íslands.

Með sýningunni fylgir vísindasögulegur texti eftir þau Kristján Leósson og Kristínu Aðalsteinsdóttir er varpar ljósi á sögu efna- og bergkristalsrannsókna og mikilvægi silfurbergsins frá Íslandi í þeim rannsóknum frá 17. öld fram á 20. öld. Sýningin vekur spurningar um mikilvægi hins sjónræna í rannsóknum okkar á heiminum og hvaða vald maðurinn hafi á náttúrunni með þekkingarsköpun sína eina að vopni.

Sýningin *Ljósvaki / Æther* er ein birtingarmynd af viðameiri listrannsóknarverkefni á náttúrufyrirbærinu silfurbergi. Fyrsta sýning þeirra sem listrænt teymi var á Eskifirði sumarið 2019. Niðurstöður rannsóknarvinnu þeirra, verk og sýningar, vinna þær í sameiningu og eru báðar titlaðar höfundar verkanna. Þær hafa báðar verið ötular við sýningarhald hérlendis sem erlendis utan þessa samstarfs.

Sýning Selmu og Sirru skapar nálægð við annars fjarrænt fyrirbæri, silfurberg. Nákvæmni rannsóknarvinnu beirra og birtingarmynda hennar í verkum vekja áhuga og forvitni til að kynnast náttúrunni og alheiminum enn betur, um leið og áleitnar spurningar vakna um getu mannsins til að þekkja og tileinka sér lögmál náttúrunnar. Vísindi og listir mætast í rannsókn á efni sem vekur undrun.



Haraldur Jónsson Tongue
Rubber, wood 230 x 158 cm
2020

Selma Hreggviðsdóttir (b. 1983) and Sirra Sigrún Sigurðardóttir (b. 1977) created a remarkable exhibition in Gallery Berg Contemporary in Reykjavík in the early months of 2020. The exhibition, *Æther*, is composed of small and large photographs and video works on screens. The works reveal to us the magical and bizarre light-world of the rock crystals found in the Helgustaðir mine in Eskifjörður.

In the exhibition space we find photographs of crystals grown by the artists. There is a photograph of raw Iceland spar as well as of a smooth Iceland spar globe that Bjarni Ólafsson from Brimnesgerði polished with the aim of exhibiting at the Chicago World's Fair in 1892. Polishing Icelandic spar in this manner is making the impossible possible on account of the crystal structure of Iceland spar. The hyper-polished piece is to be found inside of a column, under glass, in the inner area of the exhibition space, but there are also images on the wall that portray the microscopic wonders of the colour spectrum found in Icelandic spar, and a video work on two screens that have been placed at an angle on the floor, uniting the installation into an interconnected whole. One of the video works crystal that floats in the air in the very space the viewer is in, the point of view circling around the crystal. On the other screen one travels through the space, but now the environment is seen through the crystal and therefore takes on a dream-like appearance. What is different from the real space is that through the window in the video the landscape of east Iceland is seen

instead of the urban environment. In the outer hall there is a contrastive video work that displays the moment when light plays on the vaulted crystal ceiling of the main building of the University of Iceland.

Accompanying the exhibition is a text by Kristján Leósson and Kristína Aðalsteinsdóttir that illuminates the scientific history of the research on these rock crystals, and the importance of Iceland spar in these studies ranging from the seventeenth to the twentieth centuries. The exhibition raises questions on the importance of the visual in our studies of the world and what power man has over nature with knowledge creation as his sole weapon.

The exhibition *Æther* is but one expression of a larger artistic research project on the natural phenomenon Iceland spar. Selma and Sirra's first exhibition as an artist team was in Eskifjörður in summer 2019. The results of their research, works, and exhibitions is a collaborative project, and they are both titled as authors of these artworks. Beyond this collaboration, they have both been active in staging exhibitions here at home as well as abroad.

Selma and Sirra's exhibition creates intimacy with an otherwise distant phenomenon, the Icelandic spar. The precision and character of their research and its expression in this artwork inspires an interest and curiosity to become more familiar with nature and the universe; while in the process challenging questions are raised as to man's capacity to know and adapt to nature's laws. Science and art collide here in an exploration of material that provokes wonder.

Myndistarmaður ársins Artist of the Year

10

Libia Castro & Ólafur Ólafsson

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús og á götum úti við Stjórnarráð og Alþingi Íslands
í samstarfi við tónlistar- og myndlistarháttíðina Cycle og Listaháttíð í Reykjavík

03.10.20

Í leit að töfrum – Tillaga
að nýrrí stjórnarskrá fyrir
lýðveldið Ísland In Search of
Magic – A Proposal for a New
Constitution for The Republic
of Iceland



20

Libia Castro og Ólafur Ólafsson hljóta íslensku myndlistarverðlaunin 2021 fyrir verkið í leit að töfrum – Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland, Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús og á götum úti við Stjórnarráð og Alþingi Íslands, 3. okt. 2020 í samstarfi við tónlistar- og myndlistarhátíðina Cycle og Listahátíð í Reykjavík.

Tvíeykið Libia Castro (f. 1970) og Ólafur Ólafsson (f. 1973) sviðsettu stóran myndlistarviðburð *Í leit að töfrum – Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland* á árinu. Verkið er fjölradda tónlistar- og myndlistargjörningur við hundrað og fjórtán greinar nýrrar stjórnarskrár Íslands sem kosið var um í október 2012 og nær tveir þriðju hlutar samþykktu. Áræðið og úthugsað þátttökuverk sem varpar ljósi á mátt listarinnar og efnir til umræðu um sjálfan grunn samfélagssáttmálans.

Viðburðurinn hófst í Porti Hafnarhússins þar sem uppi hengu litríkir borðar með áletrunum og slagorðum á borð við; „Nýju stjórnarskrána, takk!“, „20. október 2012“, „# þau eru hjá okkur“, „Refugees Welcome“, „Aðgerðir strax“. Á annað hundrað manns tóku þátt; listamenn, innlendir og erlendir, ýmiss samtök, aðgerðarsinnar og almennir borgarar. Tónlistarmenn, flytjendur og tónskáld, fluttu verk við greinar stjórnarskrárinnar, Töfrakórinn söng, hljómsveitir spiliðu og íslenskir myndlistarlistamenn af erlendum uppruna sýndu verk sín á veggjum. Þegar leið á gjörninginn var gengið að Stjórnarráði Íslands og lauk kröfugöngunni á Austurvelli þar sem þátttakendur þöktu meðal annars Alþingishúsið með risastórum kröfuborða og bar fram kröfur sínar í orðum og tónum.

Aðgerðarsinnar listarinnar kenna okkur að myndlistin á erindi við okkur öll og að ekkert sé myndlistinni óviðkomandi. Listamennirnir eru rannsakendur á samfélag manna, sögulegum skilyrðingum, sjálfsmýndum, þjóðerni, samfélagssáttmálum og afleiðingum slíkra fyrirbæra á hugmyndir okkar og atferli. Ólafur og Libia veita okkur hér innsýn í afurð margra ára vinnu sem á erindi við þegna Íslands og annarra lýðræðisríkja.

Gjörningurinn sem um ræðir er sjálfstætt framhald verkefnisins *Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands* (2008 – 2011), sem þau unnu í samstarfi við tónskáldið Karólínu Eiríksdóttur og RÚV, ásamt Listasafninu á Akureyri og Hafnarborg, og verkefnisins *Stjórnarská er ferli* (2018) sem þau unnu í samstarfi við tónlistar- og myndlistarhátíðina Cycle, Gerðarsafn í Kópa-

vogi og Þjóðskjalasafn Íslands. Útgáfa af verkinu var einnig sýnt meðal annarra verka á Feneyjartvíæringinum 2011 en þau voru fulltrúar Íslands þar.

Ólafur og Libia hafa unnið saman í myndlist sinni frá því árið 1997. Í verkum sínum hafa þau tekist á við þau samfélagslegu, persónulegu, pólitísku og efnahagslegu öfl sem ráða hversdagslegum athöfnum okkar, jafnvel þannig að mörk listar og lífs þurrkast út með virkri þátttöku gesta eða annarra samverkamanna. Verk þeirra hafa vakið mikla athygli og þau hafa sýnt víða á undanförnum árum, jafnt hérlandis sem á alþjóðlegum stórsýningum, söfnum og sýningum, ásamt því að fá viðurkenningar fyrir fjölbreytt samvinnuverkefni. Þau starfa í Berlín, Reykjavík, Rotterdam og Málaga á Spáni og eru meðal fremstu listamanna er vinna á sviði þátttökulistar á undanförnum áratugum.

Listin og töfrarnir geta leyst okkur úr álögum og hvatt okkur til þess að taka þátt. Tvíeykið vill heyra raddirnar, okkar allra sem lifum í fjölmenningsarsamfélagi, og skapa til þess listrænan vettvang. Verkið *Í leit að töfrum – Tillaga að nýrri stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland* er ákall um aðgerðir en jafnframt vandað tónlistar- og myndlistarverk sem snertir marga innan lista sem utan. Heiður er að veita tvíeykinu Libiu Castro og Ólafi Ólafssyni Íslensku myndlistarverðlaunin 2021.



22





Earlier this year, the duo Libia Castro (b. 1970) and Ólafur Ólafsson (b. 1973) staged in collaboration with The Magic Team a major visual art event, *In Search of Magic – A Proposal for a New Constitution for the Republic of Iceland*. The work is a multiple-voice music and visual art performance of the hundred and fourteen articles of Iceland's new constitution, which was put to a vote in October 2012 and voted for by almost two-thirds of voters. It is a daring and carefully crafted participatory art project that illuminates the power of art and opens a discussion on the very foundations of the social contract.

The event began in the courtyard of Hafnarhúsið where colourful banners were presented, bearing texts and slogans such as: "The new constitution, thank you", "20th of October 2012", "#Theyarewithus", "Refugees Welcome", "Action now". Almost two hundred people participated; artists, both local and foreign, various organizations, activists, and the general public. Musicians, performers and composers composed and performed work related to the articles of the constitution. The Magic Choir sang, bands played, and Icelandic visual artists of international backgrounds exhibited their work on the walls. As the performance advanced, the group made its way to the Prime Minister's Office and ended the demonstration at Austurvöllur where participants, among other things covered the parliament building with a gigantic banner expressing their demands while also articulating these demands in words and music.

Activist artists teach us that the visual arts concern all of us; there is no subject that visual art should not concern itself with. These artists are investigating human communities, historical conditions, self-identity, nationality, social contracts and the impact of these phenomena on our ideas and behaviours. Here, Libia and Ólafur provide us

with insight into the results of work spanning many years, work that should concern Icelandic citizens and citizens of other democratic nations.

This performance is an independent sequel to both the work *The Constitution of the Republic of Iceland* (2008-2011), which they developed in collaboration with the composer Karólína Eiríksdóttir and RÚV, as well as the Akureyri Art Museum, and the project *A Constitution is a Process* (2018) which Libia and Ólafur developed in collaboration with the music and visual arts festival Cycle, Gerðarsafn - the Kópavogur Art Museum, and The National Archives of Iceland. A version of the work was among other works shown at the Venice Biennale, where the duo represented Iceland in 2011.

Libia and Ólafur have collaborated on their visual art since 1997. In their works they have engaged with the social, personal, political, and economic forces that control our daily acts, in such a way that the border between art and life is erased, as they engage the active participation of guests or other collaborators. Their work has drawn a great deal of attention and they have in these past years exhibited widely, both here at home and in major international shows, museums, and exhibitions, as well as receiving recognition for a diverse range of collaborative projects. They work in Berlin, Rotterdam, and Malaga in Spain, and have in the past decades been at the forefront of participatory art.

Both art and magic can free us from the spell cast on us, encouraging us to participate. The duo wants to hear the voices of all of us who live in a democratic multicultural society, and create an artistic platform to do so. *In Search of Magic – A Proposal for a New Constitution for the Republic of Iceland* is a call to action but at the same time it is a well-crafted music and visual artwork that touches many of us, both within the fields of the arts and without.

24

Tilnefning Nomination

Andreas Brunner

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

19.03.20 - 07.06.20

Ekki brotlent enn Haven't Crash Landed Yet

Hvatningarverðlaun ársins
Motivational Award of the Year

Andreas Brunner (f. 1988) er frá Zürich í Sviss en býr og starfar í Reykjavík. Hann lauk B.A.gráðu í myndlist við Lucerne University of Applied Science and Arts í Luzern í Sviss árið 2016 og stundaði síðar M.A. nám í myndlist við Listaháskóla Íslands, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2018.

Andreas hefur verið mjög virkur á sýningarvettvangi hér og landi og erlendis frá því að hann lauk námi í Sviss og tvívar fengið úthlutað listamannalaunum hér á landi. Í listsköpun sinni endurskoðar hann hugtök og hugmyndir, oft tengd menningarlegri þróun, sköpun merkingar eða skynjun tíma, rýmis og efnis. Því er samhengi verka hans fremur á sviði hugmyndatengsla og skynjunar en ákveðinna birtingarmynda í verkum.

Sýningin, *Ekki brotlent enn*, í D-sal Hafnarhúss, Listasafns Reykjavíkur er líkust ljóði. Hún lifir með okkur á óræðu sviði fagurfræðilegrar skynjunar og hugsanabrota er leita að haldbærri merkingu er sleppur ætíð undan. Á miðju gólfínu er myndarleg súla og tveir starfsmenn listasafnsins mála hana linnulaust, hring eftir hring, og sjá aldrei árangur gjörða sinna. Léttur tréfleki úr grindum, tákni björgunar, liggur á glærum stórum uppblásnum æfingaboltum og á honum hvítgráleitar gif safsteypur af samskonar boltum, sprungnum. Á myndbandi vafrar engisprettu fram og til baka á trjágrein, á hana vantar einn fót. Í öðru myndbandi horfum við á hönd listamannsins strjúka í spinna sem bráðnar hægt og rólega undan handfjatlinu. Gulleitar silikon slæður með ólæsilegu letri hanga á málmsnögum, brjóstmyndum af konum í kjólum, er vísa í heldri manna vista verur auch þess sem við innkomu í salinn er að finna aðra málmhentu, hurðabankara, hönd gyðunnar Persefónu með granatepli, tákñemynd ástríðanna. Nákvæmni í uppsetningu þessara um margt ólíku verka er sláandi, fegurð svífur yfir og óræð eða nánast ómöguleg merkingarsköpun opnar ókunnar ljóðrænar víddir. Fagna þarf brotunum, undruninni sem þau vekja, og leyfa þeim að lifa fyrir hugskotssjónum í stöðugri umbreytingu.

Sýningartitillinn, *Ekki brot lent enn*, vísar til óum-flýjanlegar framtíðar, þess sem ekki er en verður. Umbreytingar eru í aðsigi hjá okkur öllum og listamanninnum Andreasi Brunner sem heiður er að tilnefna til hvatningarverðlauna myndlistar 2021. Við munum undrast áfram með honum er við lifum hrún, uppbyggingu og niðurrif í eilífri endurkomu.



Andreas Brunner (b. 1988) is from Zürich in Switzerland, but lives and works in Reykjavík. He completed a B.A. degree of Fine Art from Lucerne University of Applied Science and Arts in Lucerne in Switzerland in 2016 and later enrolled in M.A. studies in visual art at the Iceland University of the Arts, from which he graduated in 2018.

Since completing his studies in Switzerland, Andreas has actively exhibited, both here and abroad and has twice been the recipient of an artist's salary in this country. In his creative practice he reconsiders concepts and ideas, often connected to cultural development, meaning-creation, or the experience of time, space, and material. Taken as a whole, his work is more related to how ideas associate with one another and to sensory experiences than specific manifestations in the work itself.

